

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2024
Tilv.: 2402013

Efni: Umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna Orkufjarskipta hf. og Landsvirkjunar Power ehf.

- Samkeppniseftirlitið vísar til beiðni forsætisráðuneytisins, dags. 28. febrúar 2024, um umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Í umsagnarbeiðninni kemur fram að fjármála- og efnahagsráðherra hafi lagt til við forsætisráðherra að Landsvirkjun Power ehf. og Orkufjarskipti hf. verði veitt áframhaldandi undanþága frá gildissviði upplýsingalaga.
- Í tillögu fjármála- og efnahagsráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið taki undir þau sjónarmið frá umræddum félögum, sem voru meðfylgjandi og dags. 5. febrúar 2024, að ekki hafi orðið þær breytingar á rekstri eða rekstrarumhverfi félaganna að forsendur séu til að fella niður gildandi undanþágu frá upplýsingalögum. Var jafnframt vísað til fyrri ákvarðana forsætisráðuneytisins um þetta efni. Það sé því mat ráðuneytisins að umrædd félög fullnægi skilyrðum 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga.
- Í athugasemdum með 3. mgr. 2. gr. í frumvarpi því er varð að upplýsingalögum segir að undanþáguheimildinni verði aðeins beitt ef starfsemi viðkomandi lögaðila sé að nær öllu leyti í samkeppni á markaði. Þá segir að skilyrði þess að undanþágunni verði beitt séu í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinberrar starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fer á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Jafnframt er tiltekið að ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki geti fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði að 2 byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Þá er einnig tekið fram að undanþágunni beri að beita af mikilli varfærni og er m.a. vísað til þess að skv. 3. tl. 10. gr. frumvarpsins (4. tl. 10. gr. laganna) sé heimilt að takmarka rétt almennings til aðgangs að gögnum vegna samkeppnishagsmuna opinberra fyrirtækja og stofnana. Sú undanþága ætti oftast að nægja til að tryggja samkeppnislega hagsmuni fyrirtækja og stofnana sem eru í eigu opinberra aðila. Með 3. mgr. 2. gr. sé á hinn bóginn leitast við að einfalda afmörkun á gildissviði upplýsingalaga gagnvart þeim fyrirtækjum sem einvörðungu, eða að langstærstum hluta, sinna starfsemi sem er í samkeppnisrekstri.
- Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið ljóst að umsögn stofnunarinnar eigi að varða og fjalla um starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæður á því sviði sem það starfar á og þá sérstaklega hvort starfsemi umrædds aðila sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila.



5. Samkeppniseftirlitið hefur nýlega fjallað ítarlega um þá markaði og þjónustu sem Orkufjarskipti hf. bjóða í samkeppni við önnur fyrirtæki. Í þessu samhengi má vísa til ákvörðunar nr. 37/2023, *Kaup Ljósleiðarans ehf. á stofnneti Sýnar hf.*, frá 28. september 2023. Þar er vikið að starfsemi Orkufjarskipta hf. á nokkrum stöðum, t.a.m. í tengslum við umfjöllun um heildsölumarkaði leigulína, eigendur ljósleiðara, gagnaflutningsþjónustu o.fl. Vísast nánar til umfjöllunar um markaðsaðstæður á umræddum mörkuðum í fyrrnefndri ákvörðun. Af umfjölluninni má sjá að Orkufjarskipti hf. er í samkeppni við önnur fyrirtæki sem reka og bjóða upp á sambærilega þjónustu á viðkomandi mörkuðum. Einnig var fjallað um starfsemi Orkufjarskipta hf. í nýlegri ákvörðun nr. 16/2023, *Kaup Ardian á öllu hlutafé í Mílu ehf. af Símanum hf.*, dags. 19. maí 2023.
6. Samkeppniseftirlitið hefur ekki nýlega fjallað um starfsemi Landsvirkjun Power ehf. í sínum ákvörðunum, en hefur þó fjallað um fyrirtækið í fyrri umsögnum sínum, dags. 17. janúar 2020, 25. nóvember 2016 og 9. desember 2013. Þá býr Samkeppniseftirlitið yfir upplýsingum um starfsemi félagsins, í tengslum við aðrar rannsóknir sem eru yfirstandandi. Þar kemur m.a. fram að starfsemi fyrirtækisins feli í sér ráðgjafþjónustu vegna orkumála ásamt rannsóknum og framkvæmdum fyrir Landsvirkjun og önnur tengd félög. Fyrirtækið sinni þannig sérfræðiþjónustu á almennum rekstrarlegum grundvelli á öllu leyti í samkeppni við einkaaðila, þ.á m. aðra innlenda og erlenda keppinauta. Um starfsemi Landsvirkjun Power ehf. vísast nánar til eldri umsagna Samkeppniseftirlitsins.
7. Af framansögðu leiðir að fyrirtækjunum tveimur hefur ekki verið falið að taka stjórnvaldsákvæðanir eða sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds.
8. Með hliðsjón af röksemdum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, sjónarmiðum fyrirtækjanna að engar breytingar hafi verið á starfsemi fyrirtækjanna síðan síðasta undanþága var veitt og öllu framangreindu er mikilvægt að ekki skapist ójafnræði í upplýsingaskyldu og miðlun með því að hluti markaðarins lúti ítarlegri upplýsingaskyldu umfram það sem almennt gerist á samkeppnismörkuðum. Slíkt væri óheppilegt fyrir samkeppni á viðkomandi markaði eða mörkuðum, sér í lagi ef umræddir markaðir bera þess merki að á þeim ríki fákeppni.
9. Í ljósi þessa og með vísan til umfjöllunar um markaðsaðstæður í framangreindum ákvörðunum nr. 37/2023 og 16/2023, eldri umsagna Samkeppniseftirlitsins um fyrirtækin dags. 17. janúar 2020, 25. nóvember 2016 og 9. desember 2013, og þeirra upplýsinga og röksemda sem bárust með bréfi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu dags. 15. febrúar 2024 telur Samkeppniseftirlitið að rök standi til þess að Landsvirkjun Power ehf. og Orkufjarskipti hf. fái að njóta undanþágu frá upplýsingalögum nr. 140/2012 skv. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

Samkeppniseftirlitið